

Matvælastofnun
Guðmundur Valur Stefánsson
Austurvegi 64
800 Selfoss

29. desember 2017
UST201712-116/R.K.
08.12.01

Efni: Umsókn um ræktunarleyfi – skeldýraræktun. Allt að 10.000 tonna framleiðsla í Skötufirði

Vísað er til erindis Matvælastofnunar (MAST) er barst 8. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um umsókn Kristjáns Daðasonar um ræktunaleyfi til skeldýraræktunar. Fyrirspurn MAST er umsögn um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu ræktunarsvæði eða fyrirhugaðar tegundir, stofnar eða starfsaðferðir gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðiáhrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.

Í umsókn ræktunarleyfis koma fram upplýsingar um ræktun á kræklingi (*Mytilus edulis* einnig nefnd bláskel) á 1.200 flekum sem eru 20 m² hver, á tveimur svæðum RS1020 I og RS1020 II, staðsett við Hvítanes í Skötufirði, Ísafjarðardjúpi. Áform eru um allt að 10.000 tonna ræktun kræklinga.

Staðaraðstæður

Skötufjörður er áberandi grynri fjörður en aðrir firðir í Ísafjarðardjúpi líkt og kemur fram í greinagerð Hafrannsóknarstofnunar um burðarþorlsmat svæðisins. Þar kemur fram að meðalstraumur norðan við fyrirhugað ræktunarsvæði er 5 cm/s á 15 metra dýpi og er endurnýjunarhraði sjávar á ræktunarsvæði því talsverður. Í júní 2008 kom út skýrsla samráðsnefndar á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðherra, um stöðu og möguleika kræklingaræktar á Íslandi.

Veiðimálastofnun hefur einnig gefið út skýrslu um kræklingarækt á Íslandi (2000). Vert er að minnast á að skv. þeirri skýrslu getur lagnaðarís og ísrek valdið tjóni á búnaði kræklingaræktunar og er mesta hættan á norðanverðum Vestfjörðum.

Hvað varðar yfirtöku ágengra tegunda vegna kræklingaræktunar, þá telur Umhverfisstofnun ekki hættu á slíku í Skötufirði þar sem um ræðir ræktun á skeldýrategund sem er innlend við strendur Íslands.

Í umsókn ræktunarleyfis tekur umsækjandi fram að koltrefja-flekar (carbon fiber) verða notaðir en á heimasíðu fyrirtækis, northlightseafood.is, kemur fram að flekarnir eru úr plasti. Að mati Umhverfisstofnunar ættu að liggja fyrir greinagóðar upplýsingar um gerð ræktunarfleka við veitingu ræktunarleyfis, þar sem kemur fram reynsla sem hlotist hefur við not á slíkum flekum í kræklingarækt. Umhverfisstofnun telur áform um að hafa ræktunarfleka í felulitum til að minnka sjónmengun af þeim vera jákvæð.

Erfðafræðiáhrif ræktunar

Umhverfisstofnun telur að ekki komi nógu skýrt fram í umsókn hvaðan lifurnar sem nýttar verða til ræktunar munu koma, þ.e. hvort um ræðir villtar skeldýralirfur sem setjast á ræktunarlínur flekanna, náttúruleg lifruáseta safnara, eða hvort um ræði lifur sem safnað er utan svæða nærliggjandi Skötufirði og síðan flutt á ræktunarsvæði. Ef um ræðir lifur af svæðinu telur Umhverfisstofnun ekki ástæðu til að ætla að ræktunin valdi óæskilegum erfðafræðiáhrifum bláskelja í firðinum.

Áhrif á botndýralíf

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að vakta ræktunarsvæði svo hægt sé að fylgjast með því hvernig botndýrasamfélög svæðisins bregðist við auknu magni kræklinga í formi skeldýraræktunar. Umhverfisstofnun telur áform um reglulegar botnsýnatökur sem og óflugt eftirlit rekstraraðila vera jákvæð.

Gefnar hafa verið út skýrslur á vegum MATÍS um ástand og samsetningu botndýrasamfélaga í Ísafjarðardjúpi. Um er að ræða áfangaskýrsluna „*Skýldleiki borndýrasamfélaga í Ísafjarðardjúpi*“ (2010) sem partur af lokaskýrslunni „*Íslenskir firðir: Náttúrulegt lífríki Ísafjarðardjúps og þolmörk mengunar*“ (2012). Telur Umhverfisstofnun mikilvægt að hafa slíkar upplýsingar til hliðsjónar við ákvörðun um ræktunarleyfi og vöktun skeldýraræktunar í Skötufirði. Svæði sýnatöku rannsókna MATÍS eru á svipuðu svæði og fyrirliggjandi kræklingarækt út frá korti af ræktunarsvæði og GPS hnitum sýnatöku. Þar með telur Umhverfisstofnun að skýrslurnar gefi ágætis mynd af lífríki botndýra Skötufjarðar. Áfangaskýrslan sýnir að samkvæmt rannsóknum árið 2009 er botni Skötufjarðar best lýst sem leðjukennendum með skeljasandi á rannsóknarsvæði RS-1020 I og RS-1020 II, og eru ranaormar og bustaormar ríkjandi í botndýrasamfélagi á þessum svæðum fjarðarins.

Skelfiskeitrun

Líkt og kemur fram í skýrslu MAST um heilnæmiskannanir á skelfiskræktunarsvæðum (2010) þá er endurspeglar kræklingur mengun í umhverfinu mjög vel. Samkvæmt umsókn rekstraraðila hefur heilnæmiskönnun verið framkvæmd á svæðinu frá ágúst 2016- janúar 2017. Í slíkri könnun er mæld örverumengun og magn þungmálma. Þá er mælinga á kadmíuminnihaldi í kræklingi sérlega mikilvæg að mati Umhverfisstofnunar þar sem það hefur mælst yfir viðmiðunarmörkum Evrópusambandsins samkvæmt áður nefndri skýrslu samráðsnefndar (2008). Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að eftirlit ræktunarsvæða fyrir þörungaeitur og eitruðum svifþörungum sé einnig virkt. Þetta er sérstaklega mikilvægt þar sem til eru gild leyfi fyrir fiskeldi í skjókvíum sem eru einkum viðkvæm fyrir áhrifum aukins magns eiturþörunga.

Niðurstaða

Stofnunin telur að liggja þurfi fyrir frekari upplýsingar um starfsemi kræklingaræktar í Skötufirði við útgáfu ræktunarleyfis, aðallega hvað varðar lírfusöfnun og gerð ræktunarfleka. Áform um vöktun á áhrifum ræktunar á botndýralíf eru jákvæð sem og regluleg athugun á heilnæmi skelfisks og þörungaeitrunum. Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð skeldýrarækt sé ekki líkleg til að valda talsverðum áhrifum á umhverfið. Stofnunin telur þar með að fyrirhuguð ræktunarsvæði eða fyrirhugaðar tegundir, stofnar eða starfsaðferðir séu ekki líklegar til að valda neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðiáhrifum í Skötufirði.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við umrædda umsókn um ræktunarleyfi.



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri

